

**Mál nr. 30/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar ökutækis.**

**Tjón á bifreið 22. nóvember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. janúar 2015.
3. Afrit tjónstilkynninga M sent með tölvupósti frá V dags. 24. febrúar 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá M hvar hún lýsir atvikum þannig hún hafi ekið til vinstri af þjóðvegi 1 inn á plan við Grenivíkuraflleggjara. Þar hafi bifreið hennar tekið niður þegar hún ók yfir ramp sem hún lýsir að hún hafi ekið yfir. Þegar ekið hafði verið smá spöl til viðbótar hafi bifreiðin stöðvast og orðið óökufær. Í viðbótartilkyningu kemur fram að þar sem bifreiðin hafi farið út af rampi og út af vegi sé um útafakstur að ræða.

M telur að greiða eigi tjón á bifreið sinni úr kaskótryggingu hennar hjá V þar sem um útafakstur sé að ræða sem nái undir vátrygginguna.

V telur að ósannað hvernig tjón á bifreið M bar að og telur ekki ljóst að það megi rekja til tjónsatviks sem fellur undir kaskótryggingu þess. Einnig bendir V á að þó tjónsatvik væri sannað og félli undir vátrygginguna tæki undanþáguákvæði gr. 7.4. í vátryggingarskilmálum til atviksins þar sem um akstur á ósléttri akbraut sé að ræða og tjón á undirvagni sem félagið undanskilur sérstaklega með umræddu ákvæði. Einnig vísar V til gr. 6.1. í sömu skilmálum.

**Álit.**

Til þess að um bótaskyldu sé að ræða úr kaskótryggingu V þarf tjón á bifreið M að vera rakið til tjónsorsaka sem raktar eru í 4. gr. vátryggingarskilmála V. Þar má nefnda árekstur, áakstur, útafakstur, veltu o.fl. Í lýsingu M af tjónsatviki verður ekki annað ráðið en að hún hafi ekið inn á plan við svokallaðan Grenivíkuraflleggjara. Það að aka inn af þjóðvegi 1 inn á umrætt plan telst ekki útafakstur í merkingu 4. gr. vátryggingarskilmála V og má til skýringa vísar til 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem vegur er skilgreindur m.a. sem vegur, gata, götustlóði, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar. Af myndum sem m.a. er hægt að nálgast á vefnum www.ja.is af umræddu svæði verður ekki annað séð en að svæðið sem M ók inn á falli undir skilgreininguna vegur og að aka inn á það sé því ekki útafakstur. Verður ekki séð að aðrar tjónsorsakir kaskótryggingarinnar ná til atviksins og á M því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík 3. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.